

Ju 2016

## **Reglur Kiwanis og UÍF um val á íþróttamanni ársins í Fjallabyggð**

### **1. gr.**

Kiwanis klúbburinn Skjöldur og UÍF velja árlega íþróttamenn sem skarðar hafa fram úr í sinni íþróttagrein. Valin er íþróttamaður ársins sem og „besti maður“ hverrar íþróttagreinar. Jafnframt er valin „ungur og efnilegur íþróttamaður“, af báðum kynjum á aldrinum 13-18 ára.

### **2. gr.**

Kiwanisklúbburinn Skjöldur og UÍF velja sex manna nefnd sem framkvæmir reglur þessar. Hvor tilefna þrjá menn til setu í nefndinni. Að öllu jöfnu skulu nefndarmenn fylgjast vel með íþróttum. Nefndin skal skipuð eigi síðar en 1. október ár hvert

### **3. gr.**

Í október ár hvert skal nefndin óska eftir tilnefningum allra aðildarfélaga. Hvert aðildarfélag skal tilnefna þrjá iökendur til vals á Íþróttamanni Fjallabyggðar. Einnig skulu þau tilnefna unga og efnilegum iökendur í floknum 13-18 ára. Gjaldgengir í valið eru allir iökendur sem hafa sannarlega æft og keppt fyrir íþróttafélag í Fjallabyggð á árinu.

Nefndin getur einnig óskað eftir að aðildarfélög tilnefni iökendur sem það telur rétt að heiðra sérstaklega.

Tilnefningar skulu berast nefndinni fyrir 30. nóvember.

Tilnefningar skulu veraí stafrófsröð og rökstuddar. Tilnefning skal taka mið af árangri tilnefnds svo og hvort að hann sé jákvæður og virðingarverð fyrirmund í hátterni og líferni. Einnig skal taka mið af því hvort að tilefndur sé líklegur til að hefja íþróttaiðkun til vefs og virðingar.

Tilnefna skal í eftirfarandi flokka:

- Í floknum 19 ára og eldri eru tilnefndir þrír aðilar
- Í floknum 13-18 ára eru tilnefndir þrír drengir og þrjár stúlkur.

### **4. gr.**

Nefndin velur „Besti maður“ hverrar greinar í floknum 19 ára og eldri og „ungur og efnilegur“ hverrar greinar í floknum 13-18 ára.

Í floknum 13-18 ára eru einn drengur og ein stúlka valin. Þegar iökendur eru valdir gefa nefndarmenn, hver fyrir sig stig á eftirfarandi hátt í nafnlausri kosningu.

1. sæti 5 stig

2. sæti 3 stig

3. sæti 1 stig

Sá sem flest stig hlýtur, verður í fyrsta sæti og síðan koll af kolli.

„Íþróttamaður ársins“ er valinn úr hópi þeirra sem tilnefndir eru frá hverju aðildarfélagi í floknum 19 ára og eldri . Nefndarmenn gefa stig á eftirfarandi hátt í nafnlausri kosningu.

1. sæti 15 stig
2. sæti 12 stig
3. sæti 10 stig

Og síðan lækka stigin um eitt við hvert sæti.

Nefndin skal eftir tillögu aðildarfélags heiðra a.m.k. einn íþróttamann sem hefur farið í gegnum barna- og ungingastarf aðildarfélags UÍF en hefur flust í burtu til að ná enn lengra í sinni íþróttagrein.

#### 5. gr.

Afhending verðlauna skal fara fram á milli jóla og nýárs ár hvert við hátfðlega athöfn.

Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggi að baki hvers titils.

„Besti maður“ hverrar greinar hlýtur verðlaunagrip með árituninni „Besti maður“ í greininni árið xxxx í Fjallabyggð t.d. Besti sundmaður ársins 2015 í Fjallabyggð.,„Ungur og efnilegur“ hverrar greinar hlýtur verðlaunagrip með árituninni „ungur og efnilegur“ í greininni árið xxxx í Fjallabyggð.

Íþóttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár og er nafn hans grafið í bikarinn. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farandbikarinn skal hann fara til varðveislu hjá UÍF sem sér til þess að hann verði staðsettur á opinberum stað.

Val á „Íþróttamanni ársins“ , „Besta manns“ og „ungur og efnilegur“ hverrar greinar er á vegum nefndar Kiwanisklúbbsins Skjaldar og UÍF og bera hún ábyrgð á þeirri framkvæmd.